

# Lög Skautafélags Reykjavíkur

## 1. gr.

Nafn félagsins er Skautafélag Reykjavíkur, skammstafað SR. Heimili og varnarþing þess er í Reykjavík.

## 2. gr.

Tilgangur félagsins er að standa fyrir iðkun skautaíþróttanna meðal félagsmanna og glæða áhuga almennings fyrir gildi þeirra.

## 3. gr.

Tilgangi sínum hyggst félagið ná með því að efna til íþróttæfinga, kappleikja, fundahalda og annars er ýtt getur undir iðkun skautaíþróttanna.

## 4. gr.

Undir hatti félagsins starfa tvö sjálfstæð félög, Skautafélag Rvíkur, listhldeild, kt.: 410897-2029 og Skautafélag Rvíkur, íshökkídeild, kt.: 561092-2309. Félögin tvö kallast í daglegu tali Listskautadeild og Íshökkídeild. Hvort félag um sig hefur sjálfstæða, sérstaka stjórn og sjálfstæðan fjárhag (sbr. 12. gr.).

## 5. gr.

Félagar í Listskautadeild og Íshökkídeild eru sjálfkrafa félagar í Skautafélagi Reykjavíkur svo fremi sem þeir greiði félags- eða æfingagjöld. Úrsögn úr félaginu telst gild, hafi hún verið tilkynnt viðkomandi deild. Félagsgjöld eru ákveðin af hvorri deild fyrir sig og renna óskipt til viðkomandi deildar.

## 6. gr.

Reikningsár félagsins og deilda þess skal vera almanaksárið.

## 7. gr.

Aðalstjórn SR skal skipuð fimm mönnum. Formanni, gjaldkera, ritara og formönnum beggja deilda. Einnig er tveggja manna varastjórn. Aðalstjórn skipar undirnefndir til sérstakra verkefna ef þurfa þykir s.s. til uppbyggingar félags- og íþróttaaðstöðu.

## 8. gr.

Aðalfundur SR skal haldinn í lok tímabils ár hvert, eftir að aðalfundir deilda hafa verið haldnir. Aðalfundur skal boðaður með minnst tveggja vikna fyrirvara. Á aðalfundi SR skal kosin stjórn þess (aðalstjórn). Breytingar á lögum félagsins er aðeins hægt að gera á aðalfundi félagsins. Endurskoðaðir reikningar fyrir síðastliðið almanaksár skulu hafa borist kjörnum skoðunarmönnum eigi síðar en 6 dögum fyrir aðalfund. Rétt til setu á aðalfundi með tillögurétt og málfrelsi hafa allir félagar samanber 5.gr. ef þeir eru orðnir 18 ára eða eldri, auk þess eiga boðsgestir aðalstjórnar rétt til setu á aðalfundi SR.

Atkvæðisrétt á aðalfundi hafa eftirtaldir félagar:

1. Aðalstjórn SR.

2. Stjórnir deilda SR.
3. Allir félagar SR 18 ára og eldri.

Aðalfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað.

Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Kosinn fundarstjóri og fundarritari.
2. Lesin upp fundargerð síðasta aðalfundar.
3. Lögð fram skrifleg skýrsla aðalstjórnar og skýrslur deilda.
4. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar aðalstjórnar ásamt endurskoðuðum reikningum einstakara deilda miðaðir við almanaksárið.
5. Umræður um skýrslu og reikninga aðalstjórnar. Reikningar aðalstjórnar bornir upp til samþykktar.
6. Kosningar.
  - I. Kosning formanns til eins árs.
  - II. Kosning gjaldkera og ritara til eins árs.
  - III. Kosning tveggja varamanna í aðalstjórn.
  - IV. Kosning tveggja skoðunarmanna.
7. Lagabreytingar.
8. Önnur mál.

Á aðalfundi ræður meirihluti atkvæða úrslitum mála. Til þess að breyta lögum félagsins þarf þó tvo þriðju hluta greiddra atkvæða. Lagabreytingartillögur skulu berast aðalstjórn minnst einni viku fyrir aðalfund. Enginn getur farið með nema eitt atkvæði á aðalfundi. Aðalfundur félagsins hefur æðsta vald í öllum málum þess.

#### **9. gr.**

Aðalstjórn félagsins ber að efla félagið á allan hátt og gæta hagsmuna þess í hvívetna. Stjórnir deilda ráða starfsemi sinni sjálfar en þó þannig að starfsemin sé innan ramma laga þessara og sé ekki í beinni mótsögn við markmið félagsins. Stjórnir deilda skulu hafa sjálfstæða aðild og fyrirsvar gagnvart dómsmálum sem kunna að vera höfðuð á hendur þeim. Aðalstjórn félagsins ber að engu leyti ábyrgð á starfsemi deilda félagsins, stjórn þeirra né fjármálum. Aðalstjórn félagsins hefur umráðarétt yfir öllum eignum félagsins, en er heimilt að fela rekstur fasteigna í hendur sérstaks fasteignafélags, sem skipað skal á grundvelli 17. gr.

#### **10. gr.**

Aðalstjórn félagsins skal skylt að boða til almennan félagsfund ef 40 félagsmenn eða fleiri krefjast þess. Fundarboð sé þá með sama hætti og til aðalfunda.

#### **11. gr.**

Aðalstjórn félagsins skal boða fund í það minnsta einu sinni á hverjum tveimur mánuðum og skalhalda um þá sérstaka gerðabók. Rædd skulu þá sameiginleg mál deildanna og aðalstjórnar

félagsins. Formenn deilda skulu þá einnig gefa skýrslu um starfsemina og stöðu deildanna.

Auk þess ber stjórn félagsins að halda sameiginlegan fund með stjórnnum beggja deilda í september ár hvert. Á fundum þessum ber að leggja áherslu á almenn félagsmál, fjárreiður og kynningu þessarar forystusveitar innbyrðis. Stjórnir deilda skulu leggja fram fjárhagsáætlun í lok keppnistímabils viðkomandi deildar fyrir næsta keppnistímabil og uppgjör á því síðasta. Skili deildir ekki fjárhagsáætlun hefur aðalstjórn heimild til að stöðva alla styrki til deildanna.

#### **12. gr.**

Aðalstjórn félagsins fer með yfirstjórn þess og er í forsvari þess gagnvart yfirstjórnnum íþróttasambanda sem félagið er aðili að, borgarstjórn Reykjavíkur, öðrum opinberum yfirvöldum og aðalstjórn annarra íþróttafélaga. Þrátt fyrir framangreint, fer aðalstjórn félagsins ekki með fyrirsvar sjálfstætt starfandi deilda þess í dómsmálum sem kunna að vera höfðuð á hendur þeim. Deildirnar starfa algerlega sjálfstætt, innan þess lagaramma sem settur er í lögum þessum og sínum eigin lögum. Skal aðalstjórninni heimilt að kveða félagsmenn sér til aðstoðar og skipa starfsnefndir. Verkefni aðalstjórnar eru auk ofangreinds m.a. ýmis stærri fjáröflunarverkefni, greiðsla frístundastyrkja og umsýslugjalda Reykjavíkurborgar, lottógreiðslna og getrauna auk umsjónar með félagatali SR og skilum á starfsskýrslum. Aðalstjórn ber ekki ábyrgð á fjárreiðum deilda en setur deildum reglur um fjárreiður og meðferð fjármuna og hefur eftirlit með þeim. Kaup eða sala fasteigna félagsins, svo og lántaka, veðsetning eða meiriháttar fjárskuldbindingar vegna þeirra eru bundnar samþykki aðalstjórnar. Aðalstjórn félagsins er heimilt að víkja mönnum úr félaginu eða setja íþróttafólk í keppnisbann, álfíti hún að framkoma þess hafi verið vítaverð.

#### **13. gr.**

Hver deild skal halda árlega aðalfund þar sem kosin skal stjórn hennar auk annarra aðalfundarverkefna, skv. því sem nánar er kveðið á um í lögum viðkomandi deildar, en halda skal aðalfund deilda eigi síðar en 30. apríl ár hvert. Stjórnir deilda fara með æðsta vald í málefnum deildarinnar og fyrirsvar þeirra gagnvart stjórnvöldum og eftir atvikum dómstólum. Stjórn deildar hefur endanlegt ákvörðunarvald í öllum málefnum deildarinnar og fullt sjálfræði svo fremi sem starfsemi deildarinnar sé innan ramma laga þessara. Hver deild skal halda nákvæma spjaldskrá yfir féлага deildarinnar. Hver deild er fjárhagslega sjálfstæð en skal skila endurskoðuðum reikningum og skýrslu til aðalstjórnar 6 dögum fyrir aðalfund sinn.

#### **14. gr.**

Deildir félagsins setji sér eigin lög á aðalfundum deildanna og öðlast þau gildi þegar í stað endabréjóti þau ekki í bága við lög félagsins svo og almenn landslög.

#### **15. gr.**

Hætti einhver deildin störfum er stjórn deildarinnar skylt að afhenda eignir hennar til aðalstjórnar félagsins. Taki deildin ei til starfa að nýju innan 5 ára renna eignir hennar í sjóð aðalstjórnar félagsins. Verði félagið lagt niður skulu eignir þess ganga til Reykjavíkurborgar til varðveislu og afhendist síðar félagi er stofnað yrdi með hliðstæðum markmiðum.

#### **16. gr.**

Aðalstjórn félagsins skal sjá um stofnun nýrra deilda. Stofnfundur skal fara fram samkvæmt reglum um aðalfundi deilda.

#### **17. gr.**

Aðalstjórn er heimilt að starfrækja sérstakt fasteignafélag og skal aðalstjórn skipa 5 manna stjórn í fasteignafélagið til að hafa umsjón með og reka húsnæði félagsins og æfingaaðstöðu. Stjórn fasteignafélagsins fer með óskorað umboð aðalstjórnar til þessa reksturs fasteigna á grundvelli 9. gr. laga SR. Fasteignafélagið skal starfa samkvæmt stefnumörkun sem aðalstjórn SR setur fram og samþykkir.

#### **18. gr.**

Aðalstjórn skipar formann stjórnar fasteignafélagsins til tveggja ára í senn, en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Aðrir stjórnarmenn skulu skipaðir til tveggja ára, þó þannig að tveir þeirra séu skipaðir á hverju ári. Heimilt er að skipa sama stjórnarmann oftari en einu sinni, en þó ekki lengur en þrjú tímabil samfelld. Skipun stjórnarmanna skal eiga sér stað eigi síðar en í maí ár hvert. Skal skipun þeirra gilda frá 1. júní til 31. maí að tveimur árum liðnum.

Formaður aðalstjórnar SR, eða annar aðalstjórnarmaður sem aðalstjórn velur sem fulltrúa sinn, skal eiga sæti í stjórn fasteignafélagsins, en ekki vera formaður hennar. Að öðru leyti skulu ekki sitja í stjórn fasteignafélagsins aðrir stjórnarmenn aðalstjórnar eða stjórnarmenn einstakra deilda.

Aðalstjórn getur ákveðið að greiða stjórnarmönnum fasteignafélagsins þóknun vegna starfa þeirra. Aðalstjórn ákveður upphæð þóknunar.

#### **19. gr.**

Stjórn fasteignafélagsins er sjálfstæð í störfum sínum og ber ábyrgð á rekstri fasteigna s.s. húsnæðis og æfingaaðstöðu einsog segir í 17. grein. Hún skal hafa það eitt að leiðarljósi í störfum sínum að nýting á húsnæði félagsins sé til framdráttar fyrir félagsstarfsemina, að það sé rekið með sem hagkvæmustum hætti, þannig að ekki verði tap á rekstrinum og að afnot almennings af Skautahöllinni í Laugardal séu tryggð samkvæmt samningum þar að lútandi við Reykjavíkurborg..

Öllum hagnaði sem verður af rekstri fasteignafélagsins skal verja til viðhalds og uppbyggingar fasteigna og til að skapa aukna æfingaaðstöðu fyrir félagið í samráði við deildir félagsins. Hagnaður af rekstrinum verður ekki til ráðstöfunar fyrir aðalstjórn eða stjórnir einstakra deilda.

Stjórn fasteignafélagsins skal gera aðalstjórn SR grein fyrir rekstri og fjárhagsstöðu að minnsta kosti einu sinni á ári, fyrir aðalfund SR ár hvert og leggja þá fram endurskoðaðan ársreikning, en oftari ef aðalstjórn óskar eftir eða telur tilefni til.

Eigi síðar en í fyrstu viku ágústmánaðar hvers árs kynnir stjórn fasteignafélagsins fyrir  
aðalstjórn  
SR rekstraráætlun þess fyrir komandi starfsár.

**20. gr.**

Stjórn fasteignafélagsins ræður framkvæmdastjóra húsnæðis og ber hann ábyrgð á rekstri  
þess gagnvart stjórninni.

**21. gr.**

Stjórn fasteignafélagsins skal að jafnaði halda fund eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði.  
Formaður stjórnarinnar skal boða til funda með sannanlegum hætti og stýra þeim. Þó er  
formanni skylt að boða til fundar ef þrír stjórnarmenn æskja þess og skal fundur þá haldinn  
innan þriggja daga.

Á fundum fasteignastjórnar skal færa fundagerðabók.

**22. gr.**

Aðalstjórn getur samþykkt vantraust á stjórn fasteignafélagsins, ef henni þykir stjórnin ekki  
gæta hagsmuna félagsins sem skyldi. Ef meirihluti aðalstjórnar samþykkir slíkt vantraust,  
skal bera það undir aðalfund sem boðað skal til skriflega með viku fyrirvara. Ef vantraustið  
er samþykkt á aðalfundi með meirihluta atkvæða er umboð stjórnar fasteignafélagsins fallið  
niður og skal hún víkja tafarlaust.

**23. gr.**

Heiðursfélaga SR má kjósa á aðalfundi SR að tillögu aðalstjórnar, og gildir einfaldur  
meirihluti.

**24. gr.**

Ákvæði til bráðabirgða.

Við fyrstu skipun stjórnar fasteignafélags árið 2008 skal aðalstjórn SR tilnefna 4  
stjórnarmenn auk formanns, og skal ákveðið hverjir þeirra skuli sitja til eins árs og hverjir  
skuli sitja til tveggja  
ára.

Ákvæði 1. mgr. 18. gr. þessara breytingatillagna um að skipun stjórnarmanna skuli eiga sér  
stað eigi síðar en í maí ár hvert, gildir ekki við fyrstu skipun stjórnar fasteignafélags árið  
2008. Skal tíminn fram að 1. júní 2008 bætast við skipunartíma þeirra.

**27. maí 2025.**

**Þannig samþykkt með á aðalfundi SR 2025.**